

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

2006/EES/15/23

frá 27. nóvember 2000

## um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins um baráttu gegn mismunun (2001–2006) (\*)

(2000/750/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefnd <sup>(2)</sup>,að höfðu samráði við svæðanefndina <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópusambandið er byggt á meginreglum um frelsi, lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi og á meginreglum réttarríkisins, en þessar meginreglur eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum. Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið ber Sambandinu að virða, sem almennar meginreglur laga Bandalagsins, þau grundvallarréttindi sem eru tryggð í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og sem leiðir af sameiginlegum stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna.
- 2) Evrópuþingið hefur eindregið og ítrekað hvatt Evrópusambandið til að þróa og efla stefnu sína á sviði jafnrar meðferðar og jafnra tækifæra án tillits til þess hver ástæða mismununarinnar er.
- 3) Evrópusambandið hafnar kenningum þar sem reynt er að slá því föstu að til séu mismunandi kynþættir manna. Notkun orðsins „kynþáttur“ í þessari ákvörðun felur ekki í sér að fallist sé á slíkar kenningar.

4) Við framkvæmd áætlunarinnar mun Bandalagið leitast við, í samræmi við sáttmálann, að uppræta misrétti og stuðla að jafnrétti karla og kvenna, ekki síst vegna þess að konur eru oft fórnarlömb margþættrar mismununar.

5) Ekki er unnt að gera upp á milli þeirra mynda sem mismunun birtist í: þær eru allar óviðunandi. Áætluninni er bæði ætlað að miðla góðum starfsvenjum sem eru við lýði í aðildarríkjunum og móta nýjar venjur og stefnumið í baráttunni gegn mismunun, þar á meðal margþættri mismunun. Þessi ákvörðun getur stuðlað að því að koma á fót heildstæðri áætlun til að berjast gegn hvers kyns mismunun af ólíkum toga, áætlun sem héðan í frá er rétt að fylgja eftir jöfnum höndum.

6) Reynsla af aðgerðum á vettvangi Bandalagsins, einkum á sviði jafnréttis kynjanna, hefur sýnt að baráttu gegn mismunun kallar í reynd á samtengdar ráðstafanir, þá ekki síst að lög og raunhæfar aðgerðir miði að gagnkvæmri styrkingu. Svipaða lærdóma má draga af viðureigninni við mismunun vegna kynþátta, þjóðernis og fötlunar.

7) Áætlunin skal taka á mismunun af öllum toga nema þeim sem rekja má til kynferðis, sem er viðfangsefni sértækra aðgerða Bandalagsins. Mismunun af ólíkum toga getur haft svipuð einkenni en hægt er að berjast gegn hvers konar mismunun með svipuðum hætti. Nýta má áralanga uppsafnaða reynslu í baráttunni gegn mismunun af tilteknum toga, þar á meðal vegna kynferðis, gegn mismunun af öðrum toga. Þó skal taka tillit til séreinkenna þeirra ólíku mynda sem mismunun birtist í. Af þeim sökum skal hafa hliðsjón af sérþörfum fatlaðra með tilliti til aðgengis að starfsemi og niðurstöðum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. EB L 303, 2.12.2000, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2003 frá 5. desember 2003 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 25.3.2004, bls. 19.

(<sup>1</sup>) Álitum var skilað 5.10.2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB C 204, 18.7.2000, bls. 82.

(<sup>3</sup>) Stjttíð. EB C 226, 8.8.2000, bls. 1.

- 8) Allir opinberir aðilar og/eða einkaaðilar og stofnanir, sem berjast gegn mismunun, skulu eiga greiðan aðgang að áætluninni. Í því sambandi verður að taka tillit til reynslu og getu fjálsra félagasamtaka, bæði staðbundinna og þeirra sem starfa á landsvísu.
- 9) Mörg frjáls félagasamtök á evrópskum vettvangi búa yfir reynslu og sérfræðipækkingu um baráttuna gegn mismunun og starfa jafnframt á evrópskum vettvangi sem málsvavar fólks sem sætir mismunun. Þau geta því lagt mikið af mörkum til aukins skilnings á ólíkum myndum og áhrifum mismununar og til að tryggja að gerð, framkvæmd og eftirfylgni áætlunarinnar taki mið af reynslu fólks sem sætir mismunun. Bandalagið hefur áður veitt grunnfjármagni til ýmissa stofnana sem starfa að verkefnum sem lúta að mismunun. Mikill fengur getur verið að grunnfjármögnun skilvirkra, frjálsra félagasamtaka í baráttunni gegn mismunun.
- 10) Samþykking ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 11) Til að auka ávinning af aðgerðum Bandalagsins er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin tryggi, í samstarfi við aðildarríkin, að aðgerðir á öllum stigum innan ramma þessarar ákvörðunar séu í réttu samhengi við og til fyllingar öðrum viðkomandi stefnumálum, gerningum og aðgerðum Bandalagsins, einkum á sviði menntunar og þjálfunar og jafnra tækifæra karla og kvenna, sér í lagi þeirra sem heyra undir Félagsmálasjóð Evrópu og þeirra sem stuðla að félagslegri aðlögun. Einnig skal tryggja fyllingu og samkvæmni viðkomandi starfsemi Evrópumíðstöðvar fyrir eftirlit með kynþáttafordómum og útlendingahatri.
- 12) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) er kveðið á um aukna samvinnu á sviði félagsmála á milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og þeirra landa Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EFTA-landanna innan EES) hins vegar. Gera ætti löndum í Mið- og Austur-Evrópu, sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, kleift að taka þátt í áætluninni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða, svo og Kýpur, Möltu og Tyrklandi en þátttaka þeirra skal fjármögnuð með aukafjárveitingum í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við þessi lönd.
- 13) Í þessari ákvörðun er tilgreind viðmiðunarfjárhæð, í skilningi 34. liðar samstarfssamningsins milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 <sup>(2)</sup>, fyrir allt tímabilið sem áætlunin er í gildi, en þetta hefur þó ekki áhrif á valdsvið fjárveitingavaldsins eins og það er skilgreint í sáttmálanum.
- 14) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leitast við að tryggja að allt sem gefið er út samkvæmt þessari áætlun, texti, viðmiðunarreglur og beiðnir um tillögur, sé ritað á skýru, einföldu og aðgengilegu máli.
- 15) Rétt er að gera ráð fyrir því, eftir því sem við á, að veita þurfi fólki sérstaka aðstoð til að yfirvinna erfiðleika vegna þátttöku í áætluninni.
- 16) Til að aðgerðir Bandalagsins skili árangri er nauðsynlegt að fylgjast með og meta árangurinn með hliðsjón af markmiðunum.
- 17) Vegna dreifræðisreglunnar, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans, geta aðildarríkin ekki náð sem skyldi markmiðum sínum með fyrirhugaðri aðgerð Bandalagsins í baráttunni gegn mismunun, m.a. vegna þess að til þess þarf marghliða samstarf, upplýsingaskipti landa á milli og miðlun góðra starfsvenja um Bandalagið allt. Með þessari ákvörðun er, í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er skilgreind í fyrrnefndri grein, ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

#### Áætluninni komið á fót

Með þessari ákvörðun er komið á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins, hér á eftir nefnd „áætlunin“, til stuðnings aðgerðum til að berjast beint eða óbeint gegn mismunun vegna kynþátta, þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2006.

##### 2. gr.

#### Markmið

Með áætluninni skal, innan ramma valdsviðs Bandalagsins, stutt og aukið við það sem gert er á vettvangi Bandalagsins og í aðildarríkjunum til að efla ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og berjast gegn mismunun, hvort sem hún er af einum toga eða margþætt, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, framtíðarþróunar í löggjöf. Markmið hennar eru eftirfarandi:

- a) að auka skilning á málefnum sem tengjast mismunun með aukinni þekkingu á þessu fyrirbæri og með því að meta árangur af stefnum og starfsvenjum,
- b) að efla alla burði til að hindra og taka á mismunun með árangursríkum hætti, einkum með því að efla aðgerðarúrræði stofnana og styðja upplýsingaskipti og góðar starfsvenjur og tengslamyndun á evrópskum vettvangi, jafnframt því sem tekið er tillit til sérstakra einkenna ólíkra mynda mismununar.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

c) að efla og breiða út gildi og starfsvenjur sem baráttan gegn mismunun byggist á, m.a. með herferðum til vitundarvakningar.

3. gr.

### Aðgerðir Bandalagsins

1. Heimilt er að hefja eftirfarandi aðgerðir Bandalagsins innan fjölþjóðlegs ramma með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 2. gr.

- a) greiningu á þáttum sem tengjast mismunun, þ.m.t. með rannsóknnum á eigindlegum og meginlegum vísnum og viðmiðunum og þróun þeirra í samræmi við landslög og venjur, í því skyni að meta hvort landslög og venjur, er lúta að mismunun, hafi í reynd skilað árangri í baráttunni gegn mismunun og að dreifa niðurstöðunum,
- b) fjölþjóðlegt samstarf og eflingu tengslamyndunar á evrópskum vettvangi milli aðila sem eru virkir í baráttunni gegn mismunun, þ.m.t. frjáls félagasamtök,
- c) vitundarvakningu, einkum með því að leggja áherslu á evrópsku viddina í baráttunni gegn mismunun og kynna almenningu niðurstöður áætlunarinnar, einkum með tilkynningum, útgáfu, herferðum og einstökum viðburðum.

2. Í viðaukanum er því lýst með hvaða hætti beri að hrinda aðgerðunum í 1. mgr. í framkvæmd.

4. gr.

### Framkvæmd áætlunarinnar og samvinna við aðildarríkin

1. Framkvæmdastjórnin skal:

- a) tryggja að aðgerðir Bandalagsins, sem falla undir áætlunina, komi til framkvæmda í samræmi við viðaukann,
- b) skiptast reglulega á skoðunum við fulltrúa frjálsra félagasamtaka og aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Bandalagsins um gerð, framkvæmd og eftirfylgni áætlunarinnar og um skyld stefnumið. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin veita frjálsum félagasamtökum og aðilum vinnumarkaðarins aðgang að vídeigandi upplýsingum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni, sem komið er á fót skv. 6. gr., um skoðanaskipti þeirra á milli.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:

- a) stuðla að þátttöku allra hlutaðeigandi aðila í áætluninni, þar á meðal frjálsra félagasamtaka, án tillits til stærðar,
- b) stuðla að virkri samvinnu og skoðanaskiptum milli allra sem eiga aðild að áætluninni, m.a. í því skyni að hvetja til þess að leitað verði samþættra og samræmdra aðferða í baráttunni gegn mismunun,
- c) sjá til þess að upplýsingum um árangurinn af aðgerðum Bandalagsins, sem falla undir áætlunina, verði dreift,

d) veita aðgengilegar upplýsingar og tryggja vídeigandi birtingu og eftirfylgni að því er varðar aðgerðir sem eru studdar samkvæmt áætluninni.

5. gr.

### Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr., að því er varðar eftirfarandi málefni:

- a) almennar viðmiðunarreglur um framkvæmd áætlunarinnar,
- b) árlega starfsáætlun um framkvæmd aðgerða sem áætlunin tekur til, þar á meðal möguleika á að aðlaga eða auka við þemun í áætluninni,
- c) fjárhagsstuðning sem Bandalagið mun veita,
- d) árlega fjárveitingu og skiptingu fjár milli ýmissa aðgerða sem áætlunin tekur til,
- e) fyrirkomulag á vali aðgerða og félagasamtaka sem Bandalagið veitir stuðning og drög að skrá yfir aðgerðir og félagasamtök, sem eiga að fá stuðning, og framkvæmdastjórnin leggur fram,
- f) viðmiðanir fyrir eftirlit og mat á áætluninni, einkum kostnaðarhagkvæmni hennar, og með hvaða hætti upplýsingum um árangur af henni og eftirfylgni er dreift.

2. Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun að því er varðar öll önnur málefni, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

6. gr.

### Nefnd

- 1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
- 2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skal beitt 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

- 3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skal beita 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

### Samstarf við aðrar nefndir

Til að tryggja að þessi áætlun sé í samræmi við og til fyllingar öðrum ráðstöfunum, sem um getur í 8. gr., skal framkvæmdastjórnin gefa nefndinni upplýsingar reglulega um aðrar aðgerðir Bandalagsins til styrktar baráttunni gegn mismunun. Framkvæmdastjórnin skal, eftir atvikum, koma á reglulegu og skipulögðu samstarfi milli nefndarinnar og eftirlitsnefndanna sem er komið á fót og lúta að öðrum viðkomandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum.

8. gr.

### Samræmi og heild

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, tryggja heildarsamræmi við önnur stefnumið, gerninga og aðgerðir Sambandsins og Bandalagsins, einkum með því að koma á viðeigandi úrræðum til þess að samræma aðgerðir samkvæmt áætluninni og viðkomandi aðgerðir sem varða rannsóknir, atvinnumál, jafnrétti kynjanna, félagslega aðlögun, menningu, menntun, starfsþjálfun og æskulýðsmál og samskipti Bandalagsins út á við.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu sjá til þess að aðgerðir samkvæmt þessari áætlun séu í samræmi við og til fyllingar aðgerðum Bandalagsins og Sambandsins, einkum innan ramma þróunarsjóðanna og framtaksverkefnis Bandalagsins EQUAL.

3. Aðildarríkin skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að aðgerðir samkvæmt áætluninni séu í samræmi við og til fyllingar aðgerðum á landsvísu og svæðis- og staðbundnum aðgerðum.

9. gr.

### Þátttaka EFTA-ríkjanna innan EES, samstarfsríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu, Kýpur, Möltu og Tyrkland

Eftirtöldum aðilum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- EFTA-ríkjunum innan EES í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum,
- umsóknarlönd í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða,
- Kýpur, Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við þessi lönd.

10. gr.

### Fjárframlag

1. Hér með er ákveðið að viðmiðunarfjárhæðin til að hrinda áætluninni í framkvæmd, á tímabilinu 2001 til 2006, skuli vera 98,4 milljónir evra.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

11. gr.

### Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglubundið eftirlit með áætluninni í samstarfi við aðildarríkin og í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 2. eða 3. mgr. 6. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta áætlunina með aðstoð óháðra sérfræðinga. Í þessu mati skal lagt mat á mikilvægi, skilvirkni og kostnaðarhagkvæmnishlutföll aðgerða sem framkvæmdar eru með tilliti til markmiðanna sem um getur í 2. gr. Hún skal einnig kanna áhrif áætlunarinnar í heild.

Þegar matið fer fram verður einnig kannað hvort aðgerðir samkvæmt áætluninni komi til fyllingar aðgerðum í samræmi við önnur viðkomandi stefnumið, gerninga og aðgerðir Bandalagsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja matsskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina eigi síðar en 31. desember 2005.

12. gr.

### Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2000.

Fyrir hönd ráðsins,

É. GUIGOU

forseti.

## VIÐAUKI

## VÍSSENDINGAR FYRIR FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

## I. Aðgerðasvið

Áætlunin getur náð til eftirfarandi sviða, innan marka þeirra heimilda sem Bandalagið hefur samkvæmt sáttmálanum:

- a) banns við mismunun innan og af hálfu opinberrar stjórnýslu,
- b) banns við mismunun innan og af hálfu fjölmiðla,
- c) jafnrar þátttöku í stjórnmalalegri, efnahagslegri og félagslegri ákvarðanatöku,
- d) jafns aðgangs að og afhendingar til almennings á vöru og þjónustu, þ.m.t. húsnæði, samgöngur, menning, tómstundir og íþróttir,
- e) virks eftirlits með mismunun, þar á meðal margþættri mismunun,
- f) skilvirkrar dreifingar upplýsinga um réttindi til jafnrar meðferðar og um bann við mismunun,
- g) samþættingar stefnumiða og venja varðandi bann við mismunun.

Í öllum aðgerðum áætlunarinnar skal virða meginregluna um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Framkvæmdastjórnin getur, þegar hún hrindir áætluninni í framkvæmd, notið tækni- og/eða stjórnýsluáðstoðar við greiningu, undirbúning, umsýslu, eftirlit, úttekt og stjórnun áætlunarinnar eða verkefnanna sem kemur til góða bæði framkvæmdastjórninni og þeim sem njóta góðs af áætluninni.

Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að vinna að rannsóknum, skipuleggja fundi sérfræðinga, annast upplýsingaherferðir og sjá um útgáfu sem tengist beint markmiðunum í þessari áætlun.

## II. Aðild að áætluninni

Opinberir aðilar og/eða einkaaðilar og stofnanir, sem eiga hlut að baráttunni gegn mismunun, skulu eiga þess kost að fá aðild að þessari áætlun með þeim skilyrðum og samkvæmt því fyrirkomulagi við framkvæmdina sem eru tilgreind í viðaukanum, einkum:

- a) aðildarríki,
- b) staðar- og svæðisyrirvöld,
- c) aðilar sem vinna að jafnri meðferð,
- d) aðilar vinnumarkaðarins,
- e) frjáls félagasamtök,
- f) háskólar og rannsóknarstofnanir,
- g) hagstofur einstakra aðildarríkja,
- h) fjölmiðlar.

## III. Aðgerðir

## 1. flokkur - Greining og mat

Styðja má eftirfarandi ráðstafanir:

1. úrvinnslu og dreifingu, í samræmi við landslög og venjur, á samanburðarhæfum hagtöluröðum um umfang mismununar í Bandalaginu,
2. þróun og miðlun aðferðafræði og vísa til að meta skilvirkni stefnumiða og venja (setning viðmiðana) í baráttunni gegn mismunun í samræmi við landslög og venjur,
3. greiningu, með því að styðjast við ársskýrslur, á löggjöf og starfsvenjum, sem beitt er gegn mismunun, með það fyrir augum að meta árangur af þeim og skoða hvaða lærdóma megi draga af miðluninni,
4. þemarannsóknir innan ramma forgangsmanna þar sem aðferðir eru bornar saman og dreginn fram mismunur á þeim aðferðum, sem er beitt á ólíkar ástæður mismununar, hverri fyrir sig og í heild.

Við framkvæmd í þessum flokki mun framkvæmdastjórnin einkum tryggja samræmi og fyllingu að því er varðar aðgerðir Evrópumíðstöðvar fyrir eftirlit með kynþáttafordómum og útlendingahatri, rammaáætlun Bandalagsins um rannsóknir, tæknipróun og tilraunaverkefni og hagskýrsluáætlun Bandalagsins.

## 2. flokkur — Þjálfun þátttakenda

Styðja má eftirfarandi ráðstafanir til að auka færni og skilvirkni þátttakenda í baráttunni gegn mismunun, sem áætlunin miðar að, á þeim sviðum sem hún nær til:

1. Skipti á upplýsingum landa á milli, með þátttöku ýmissa aðila frá a.m.k. þremur aðildarríkjum, sem felast í því að skiptast á upplýsingum, reynslu og upplýsingum um góðar starfsvenjur. Starfsemi getur falist í því að bera saman skilvirkni vinnsluferla, aðferða og tóla sem tengjast þeim þeim sem eru valin, í gagnkvæmri miðlun og ástundun góðra starfsvenja, í starfsmannaskiptum, í sameiginlegri þróun vara, vinnsluferla, skipulags og aðferða, í því að laga að ólíkum aðstæðum aðferðir, tól og vinnsluferli, sem eru skilgreind sem góðar starfsvenjur, og/eða í sameiginlegri miðlun niðurstaðna, sýningarefnis og sérstakra viðburða. Þegar valið er úr umsóknum um aðstoð samkvæmt áætluninni verður tekið tillit til margvíslegs eðlis mismununar,
2. Grunnfjármögnun viðkomandi frjálsra félagasamtaka á evrópskum vettvangi sem hafa reynslu af baráttu gegn mismunun og starfa sem málsvarar fólks, sem sætir mismunun, í því skyni að efla þróun samþættra og samræmdra aðferða í baráttunni gegn mismunun.

Grunnfjármögnun takmarkast við 90% útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir stuðningi.

Við val á slíkum félagasamtökum er heimilt að taka tillit til margvíslegs og sundurleits eðlis hópa sem sæta mismunun.

## 3. flokkur — Vitundarvakning

Styðja má eftirfarandi ráðstafanir:

1. skipulagningu ráðstefna, málstofa og sérstakra viðburða á evrópskum vettvangi,
2. skipulagningu aðildarríkjanna á málstofum til að styðja framkvæmd á lögum Bandalagsins um bann gegn mismunun og til eflingar evrópskri vidd í viðburðum sem eru skipulagðir á landsvisu,
3. skipulagningu herferða og sérstakra viðburða í fjölmiðlum í Evrópu til stuðnings upplýsingaskiptum milli landa og skilgreining og miðlun góðra starfsvenja, þ.m.t. að veita verðlaun fyrir árangursríkar aðgerðir skv. 2. flokki til að gera baráttuna gegn mismunun sýnilegri,
4. útgáfu efnis til að miðla upplýsingum um árangur af áætluninni, þ.m.t. uppsetning vefseturs með dæmum um góðar starfsvenjur, vettvangi fyrir hugmyndaskipti og gagnagrunni sem í eru hugsanlegir samstarfsaðilar fyrir upplýsingaskipti landa á milli.

## IV. Aðferð við að leggja fram umsóknir um stuðning

1. flokkur: Framkvæmd í þessum flokki er aðallega samkvæmt útboðsauglýsingu. Málsmeðferð Hagstofu Evrópubandalaganna gildir í samstarfi hagstofa einstakra aðildarríkja.
2. flokkur: 1. og 2. liður. 2. flokks verða framkvæmdir eftir að auglýst hefur verið eftir tillögum sem verða lagðar fyrir framkvæmdastjórnina.
3. flokkur: Framkvæmd í þessum flokki er allajafna samkvæmt útboðsauglýsingu. Þó er heimilt að styrkja aðgerðir skv. 2. og 3. lið 3. flokks ef beiðnir um styrki berast, t.d. frá aðildarríkjum.